

**Fundur fjármálanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 27. apríl 2021, kl 8.00.  
Fundurinn var haldinn í fjarfundi.**

Mætt voru, Daníel Jakobsson, formaður, Baldur Smári Einarsson, Eva Sigurbjörnsdóttir, Jón Árnason og Sif Huld Albertsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri, sem ritaði einnig fundargerð og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu.

Boðuð dagskrá.

1. Umfjöllun um ársreikning FV 2020
2. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bar þá upp þá tillögu að sviðsstjóri myndi kynna framlögð gögn og nefndin myndi síðan fjalla um gögnin fram að nýjum fundi nefndarinnar. Einnig yrði beðið viðbragða stjórnar Fjórðungssambandsins frá fundi stjórnar á morgun 28. apríl n.k.. Tillagan borin upp og samþykkt.

1. Umfjöllun um ársreikning FV 2020

Sviðsstjóri kynnti gögn sem send voru nefndarmönnum fyrir fundinn. Um er að ræða, drög að ársreikningi Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2020 og skýrsla stjórnar auk greiningartrés fjárhags.

Farið yfir rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og sundurliðun á einstaka deildir. Vísast að öðru leyti til framlagðra gagna. Sviðsstjóri svaraði fyrirspurnum um stöðu skuldana á milli ára 2019 og 2020 og framkvæmdastjóri svaraði til um yfirlit um greidda styrki og áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Formaður gerði að tillögu að nefndin leggi til við stjórn Fjórðungssambandsins að ársreikningur Fjórðungssambandsins fyrir árið 2020 verði staðfestur. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2021

Sviðsstjóri kynnti drög að tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2021, sem lögð verði fyrir 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga, vísast til gagna fundarins.. Einnig var kynnt staða á ónotuðum styrkjum og framlögum sem færast frá síðasta ári. Stjórn Fjórðungssambandsins mun fjalla um tillögur um ráðstöfun þeirra á stjórnarfundum 28. apríl.

Formaður gerði að tillögu að nefndin fjalli um tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun þegar fyrir liggja afstaða stjórnar Fjórðungssambandsins frá fundi hennar 28. apríl n.k.. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

Formaður gerði að tillögu að nýr fundur fjármálanefndar verði boðaður í fjarfundi kl 10, föstudaginn 30. apríl n.k.. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 9.00